

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 7% frá 1. janúar 1974 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

4. desember 1973.

Nr. 362.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 189 14. júlí 1972,
um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Fyrir Norðausturlandi er bannað að veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 4) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6).
2. Fyrir Suðurlandi eru allar veiðar bannaðar á tímabilinu 20. mars til 1. maí á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- a) 63°32'0 n.br., 21°25'0 v.lg.
- b) 63°00'0 n.br., 21°25'0 v.lg.
- c) 63°00'0 n.br., 22°00'0 v.lg.
- d) 63°32'0 n.br., 22°00'0 v.lg.

Að öðru leyti skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

